

I. KYNNING Á MANNRÉTTINDUM

Þar sem viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, inngangsorð

1. Hvað eru mannréttindi?

- Allir eru jafnbornir til mannréttinda, almennt og ávallt.
- Mannréttindi eru **almenn**: allir njóta ávallt sömu réttinda hvar í heimi sem er. Fólk nýtur ekki mannréttinda vegna þess að það er þegn einhvers lands, heldur vegna þess að það tilheyrir mannkyninu. Börn njóta því mannréttinda á sama hátt og annað fólk.
- Mannréttindi eru **óafsalanleg**: ekki er hægt að glata þessum réttindum fremur en mennsku sinni.
- Mannréttindi eru **ódeilanleg**: ekki er hægt að fella niður einhver réttindi vegna þess að þau séu „síður mikilvæg“ en önnur eða „skipti ekki máli“.
- Mannréttindi eru **háð innbyrðis**: til samans mynda mannréttindi eina heild. Til dæmis getur fólk átt hlutdeild að ákvarðanatökum í eigin samfélagi vegna þess að það hefur rétt á að tjá sig, vera í félagsskap með öðrum og njóta menntunar og allra lífsnauðsynja.
- Mannréttindi endurspeglar grunnþarfir manna. Þau eru sá grundvöllur sem gerir fólki kleift að lifa með reisn. Að brjóta á réttindum annarrar manneskju er að koma fram við hana eins og hún sé ekki mennsk. Að berjast fyrir mannréttindum er að krefjast þess að mannvirðing allra sé virt.
- Með því að krefjast mannréttinda taka allir jafnframt á sig þá ábyrgð að virða réttindi annarra og vernda og styðja fólk sem verður fyrir mannréttindabrotum. Þessi ábyrgð felur í sér samstöðu fólks með öllum meðbræðrum sínum.

Undanfarar mannréttinda tuttugustu aldar

Margir telja þróun mannréttindalaga eitt mesta framfaraskrefið á tuttugustu öldinni. Mannréttindi komu þó ekki til sögunnar með lagasetningum eða Sameinuðu þjóðunum. Ýmis þjóðfélög hafa í gegnum aldirnar þróað með sér kerfi réttlætis og virðingar þar sem velferð alls samfélagsins er höfð í fyrirrúmi. Öll trúarbrögð heims eiga það sameiginlegt að vísa til réttlætis, heiðarleika og mannúðar: búddatrú, kristin trú, siðakenningar Konfúsíusar og múhameðstrú. Formlegar reglur eru þó yfirleitt ekki í samræmi við orð og gerðir. Allt fram á átjándu öld fylgdi ekkert þjóðfélag, siðmenntuð þjóð eða menningarsamfélag, hvorki í hinum vestræna heimi né annars staðar, almennt viðurkenndri hefð eða hugsjónum um óafsalanleg mannréttindi.

Rit sem kveða á um réttindi einstaklingsins, svo sem Magna Carta (1215), Réttindaskrá Bretlands (1689), franska mannréttindayfirlýsingin (1789) og stjórnarskrá og réttindaskrá Bandaríkjanna (1791) eru undanfarar ýmissa mannréttindasamninga nútímans. Engu að síður átti hvorki kvenfólk né ýmsir minnihlutahópar eða aðilar að tilteknum félagslegum, efnahagslegum og pólitískum hópum eða trúarhópum upp á pallborðið í flestum þessara rita. Ekkert þeirra endurspeglar þá grunnhugmynd að allir skuli njóta tiltekinnna réttinda í ljósi þess að þeir tilheyri mannkyninu.





Sem aðra mikilvæga undanfara mannréttinda má nefna baráttuna gegn þrælasölu og stríðshörmungum á nítjándu öldinni. Sem dæmi má nefna að **Genfarsamningarnir** eru undirstaða alþjóðlegra **mannúðarlaga** sem kveða á um hvernig vinna skal gegn vopnuðum átökum og vernda einstaklinga á stríðstímum. Þeir standa einkum vörð um óbreytta borgara og þá sem geta ekki lengur tekið þátt í átökunum (svo sem særða menn og veika, uppgjafahermenn og stríðsfanga).

Frumkvæði að því að standa vörð um tiltekna viðkvæma hópa átti Þjóðabandalagið í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Sem dæmi má nefna að **Alþjóðavinnumálastofnunin** (í fyrstu hluti af Þjóðabandalaginu og nú ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna) stóð að mörgum mikilvægum samþykktum í samningum til verndar vinnandi fólki, svo sem samþykkt um lágmarksaldur í iðnaðarstörfum (1919), samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1930) og samþykkt um fjörutíu stunda vinnuviku (1935).

Þó að hinn alþjóðlegi mannréttindarammi byggist á þessum gömlu ritum eru samningar Sameinuðu þjóðanna þó aðalundirstaða hans.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Tveir atburðir á miðri tuttugustu öldinni urðu til þess að farið var að fjalla um mannréttindi almennt og fólk hvarvetna um heim varð meðvitað um nauðsyn þeirra. Sá fyrri var barátta nýlendubúa fyrir sjálfstæði sínu gagnvart erlendum aðilum, þar sem þeir kröfðust jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar. Hinn hvatinn að umræðunni var seinni heimsstyrjöldin. Þegar þýskir nasistar útrýmdu rúmlega sex milljónum gyðinga, rómafólks, samkynhneigðra einstaklinga og fatlaðra var heimsbyggðin öll slegin óhug. Um allan heim voru settar fram kröfur um grundvallarreglur um mannréttindi sem stuðla skyldu að friði í heiminum og vernda borgarana gegn ofríki stjórnvalda. Þessar raddir skiptu sköpum við stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945 og sjá má boðskap þeirra endurspeglast í Stofnsáttmála þeirra. Kveðið var á um réttindi allra manna í fyrsta sinn í **Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna**, sem var eitt fyrsta verkefni Sameinuðu þjóðanna eftir stofnun þeirra. Hún samanstendur af þrjátíu greinum sem í heild sinni mynda yfirlýsingu sem kveður á um efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, pólitísk og borgaraleg réttindi. Yfirlýsingin er í senn almenn (gildir um allar þjóðir heims) og ódeilanleg (öll réttindi eru mannum jafnmikilvæg). Sjá viðauka, bls. 283. Þar er yfirlýsingin birt í fullri lengd og einnig stytt útgáfa hennar fyrir börn (bls. 281).

Mannréttindaramminn

Þó að Mannréttindayfirlýsingin sé á þeim rúmlega sextíu árum sem liðin eru orðin réttarvenja er hún sem **yfirlýsing** aðeins viljayfirlýsing, reglugerð sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að fylgja til að allir fái notið mannvirðingar. Til að réttindi sem skilgreind eru í yfirlýsingu öðlist fullt lagalegt gildi skal setja þau fram í svokölluðum **milliríkjasamningum** (einnig nefndir **sáttmálar** eða **samningar**), sem kveða á um alþjóðlega staðla og viðmiðanir.

Um leið og Mannréttindayfirlýsingin var samþykkt var hafist handa við að kerfisbinda réttindin sem þar eru tilgreind í lagalega bindandi milliríkjasamningi. Af pólitískum og réttarfarslegum ástæðum var þessum réttindum skipt í tvo samninga sem hvor um sig fjallar um tiltekinn flokk réttinda. Í **Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnámaleg réttindi** er kveðið á um hin tilteknu frelsisréttindi sem ríki má ekki svipta þegna sína, svo sem tjáningarfrelsi og ferðafrelsi. Í **Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi** er kveðið á um þær greinar Mannréttindayfirlýsingarinnar sem fjalla um sjálfsákvörðunarrétt sem og grundvallarþarfir, svo sem fæði, húsnæði og heilbrigðisþjónustu, sem ríki skal sjá þegnum sínum fyrir eftir því sem unnt er. Báðir samningarnir voru samþykktir á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1966. Sjá viðauka á bls. 306, en þar er birtur listi yfir þau lönd sem hafa fullgilt samningana.



Frá því að Mannréttindayfirlýsingin var samþykkt árið 1948 hefur hún verið sú undirstaða sem tuttugu helstu mannréttindasamningarnir byggja á. Saman skapa þessir samningar mannréttindaramm-ann, þróunarvettvang þessara alþjóðlegu sáttmála sem kveða á um mannréttindi og aðferðir til að efla þau og vernda.

Helstu mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna

- Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir þjóðarmorð, 1948
- Samningur um réttarstöðu flóttamanna, 1951
- Samningurinn um afnám alls þrælahalds frá 1926, bókun um breytingu 1953
- Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, 1966
- Alþjóðasamningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis, 1966
- Samningur um að fyrningarákvæði gildi ekki um stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu, 1968
- Alþjóðasamningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum, 1979
- Samningurinn um bann við pyndingum og annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, 1984
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989
- Samningur um réttindavernd allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra, 1990
- Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks, 2006

Athugið: Vísad er til ársins sem viðkomandi samningur var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Skuldbinding sem fylgir fullgildingu

Fullgilding samnings er lagaleg skuldbinding af hálfu stjórnvalda fyrir hönd ríkis. Allir samningar innihalda greinar sem kveða á um aðferðir til að fylgjast með og gera grein fyrir hvernig stjórnvöld sem hafa fullgilt samning fara að viðkomandi samningi. Þegar stjórnvöld fullgilda samninga samþykkja þau ákvæði sem þar er tilgreind og geta innihaldið eftirfarandi skuldbindingar:

- að fara að samningnum, virða, efla og hafa í heiðri þau réttindi sem þar er kveðið á um og grípa ekki til neinna aðgerða sem sáttmálinn leggur bann við;
- að breyta þeim lögum í landinu sem stríða gegn eða standast ekki kröfur sem kveðið er á um í samningnum;
- að til þess bær yfirvöld hafi eftirlit með að staðið sé við skuldbindingar í viðkomandi landi;
- að gera með reglubundnum hætti grein fyrir hvernig miðar að því markmiði að viðkomandi mannréttindi verði að veruleika í landinu.

Þegar ríki hefur fullgilt samning hafa þegar þess öflugan málstað í höndum. Þeir geta kallað stjórnvöld til ábyrgðar ef þau virða ekki þau mannréttindi sem þau hafa skuldbundið sig til að hafa í heiðri. Því þurfa þegar þeir að vita hvaða mannréttindasamninga land þeirra hefur lofað að styðja. Sem dæmi má nefna að **Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** inniheldur alveg sérstök ákvæði varðandi meðferð barna sem komast í kast við lögin. Ef um illa meðferð er að ræða, svo sem að börn séu vistuð með full-orðnum föngum, geta barnaverndaraðilar krafist þess að stjórnvöld fari að þeim ákvæðum sem þeim er lagalega skylt að fylgja.

Mannréttindaramminn er sveigjanlegur. Þar sem þarfir tiltekinna hópa eru viðurkenndar og skilgreindar, og heimsviðburðir sýna fram á að brýnt sé að fylgjast með og bregðast við tilteknum mannréttindamálum, eru alþjóðalög á sviði mannréttinda jafnframt í stöðugri þróun. Þegar Mannréttindayfirlýsingin var samin árið 1948 voru til dæmis fáir sem gerðu sér grein fyrir því að náttúran gæti orðið fyrir hnjaski; þess vegna er ekki minnst á umhverfismál í henni. Í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar eru þó ýmsir baráttumenn og stjórnvöld að leggja drög að nýjum samningi þar sem





mannréttindi eru tengd öruggu og heilsusamlegu umhverfi. Núorðið hafa ýmsir mannréttindasamningar **öðlast gildi** sem alþjóðleg lög; suma er enn þá verið að fullgilda. Verið er að leggja drög að öðrum, svo sem samningi um réttindi frumbyggja og samningi um umhverfisréttindi, í samvinnu stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka.

Þó að slík þróun á sviði mannréttinda eigi sér fyrst og fremst stað innan Sameinuðu þjóðanna á hún þó í vaxandi mæli upptök sín hjá grasrótinni meðal fólks sem berst fyrir réttlæti og jafnrétti í eigin samfélagi. Frá stofnun Sameinuðu þjóðanna hafa **frjáls félagasamtök** haslað sér stöðugt stærri völl. Það eru frjáls félagasamtök, bæði lítil og stór, innlend sem alþjóðleg, sem koma skilaboðum hinna almennu borgara áleiðis til Sameinuðu þjóðanna. Þó að allsherjarþingið, sem fulltrúar stjórnvalda eiga sæti á, samþykki samning og stjórnvöld fullgildi hann, hafa frjáls félagasamtök engu að síður áhrif á stjórnvöld og stofnanir Sameinuðu þjóðanna á öllum stigum. Þau leggja ekki einungis sitt af mörkum við gerð mannréttindasamninga, þau gegna líka mikilvægu hlutverki sem talsmenn fyrir fullgildingu þeirra og hafa eftirlit með því að stjórnvöld standi við skyldur sínar.

SPURNINGAR: *Eru einhver frjáls félagasamtök hér á landi sem fylgjast með og berjast fyrir mannréttindum? Vinna einhver samtök að réttindum barna? Hvað gera þau? Ná þau einhverjum árangri?*

Eins og öll mannanna verk eru hvorki Sameinuðu þjóðirnar né sá mannréttindarammi sem þróast hefur á þeirra vegum fullkominn. Ýmsar gagnrýnisráðir segja að heimurinn þarfnist ekki fleiri mannréttindasamninga, heldur þurfi að innleiða að fullu þá samninga sem þegar eru fyrir hendi. Aðrir segja að kerfi Sameinuðu þjóðanna sé svo gallað að hinar háu hugmyndir og viðmið sem þar er reynt að uppfylla skorti trúverðugleika. En í sögulegu samhengi eru bæði Sameinuðu þjóðirnar og mannréttindaramminn rétt á byrjunarreit. Það sem þegnar allra landa þurfa að gera er að vinna að því að stofnanir SP verði skilvirkari, án þess að slakað sé á þeim háleitu hugsjónum sem SP byggja á.

Þróun mannréttindasamninga

Mannréttindasamningur verður til með sameiginlegu átaki fjölda einstaklinga og stofnana. Gengið er út frá tilgreindum þörfum, mannréttindamáli sem alþjóðasamfélagið verður að takast á við. Um getur verið að ræða almenna þörf fyrir að skrá grundvallarréttindi, eins og í samningunum, eða tiltekið vandamál á heimsvísu, svo sem útbreiðslu jarðsprengja eða mansal.

Barnasáttmálinn er dæmi um það hvernig mannréttindasamningur þróast og hvaða hlutverki frjáls félagasamtök gegna við gerð slíks samnings.

1. Vandamál skilgreint

Tilraunir til að vernda börn gegn ofbeldi og misnotkun má rekja aftur til níttjándu aldar þegar almennt var litið á börn sem eign foreldra sinna þar til þau urðu lögráða, yfirleitt við tuttugu og eins árs aldurinn. Umbótasinnar beindu sjónum að barnaprælkun og illri meðferð á heimilisláusum eða munaðarlausum börnum. Árið 1923 lagði Eglantine Jebb drög að Yfirlýsingunni um réttindi barnsins, sem síðan var samþykkt af Þjóðabandalaginu árið 1924.

En hvorki í Mannréttindayfirlýsingunni né þeim samningum sem urðu undirstaða mannréttindaramma Sameinuðu þjóðanna var getið sérstaklega um réttindi barna. Í þessum samningum kom óbeint fram að líkt og allar manneskjur nytu börn mannréttinda, en ekki var viðurkennt að börn væru einstaklingar með réttindi.

2. Yfirlýsing með almennum reglum

Fyrsta skrefið í átt að Barnasáttmálanum var **Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins**.



Á árinu 1959 setti starfshópur fram tíu reglur þar sem getið var um þau grundvallarréttindi sem öll börn ættu að njóta. En þessar reglur voru ekki lagalega bindandi fyrir stjórnvöld þar sem aðeins var um yfirlýsingu að ræða.

3. Vinnsluferlið

Lögleiða þurfti þessar reglur í samningi. Formleg vinna við Barnasáttmálann tók níu ár og meðan á henni stóð unnu fulltrúar stjórnvalda, milliríkjastofnanir, svo sem UNICEF og UNESCO, og frjáls félagasamtök, stór (t.d. Barnaheill, Alþjóðaráð Rauða krossins og alþjóðasamtökin Oxfam) sem smá (t.d. félagasamtök innan einstakra landa sem beita sér í tilteknum málum, svo sem barnavinnu, heilbrigðismálum, menntamálum og íþróttum) saman að því að koma á almennu samkomulagi um orðalag í sáttmálanum.

4. Samþykki

Barnasáttmálinn var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989.

5. Fullgilding

Barnasáttmálinn var þegar í stað undirritaður og fullgiltur af fleiri þjóðum og á styttri tíma en nokkur annar samningur Sameinuðu þjóðanna.

6. Gildistaka

Þar sem fullgilding Barnasáttmálans tók svo skamman tíma öðlaðist hann gildi sem alþjóðleg lög árið 1990, aðeins fáeinum mánuðum eftir að hann var samþykktur. Enn fremur hefur sáttmálinn verið fullgiltur af fleiri aðildarríkjum en nokkur annar sáttmáli eða samningur. Aðeins tvö aðildarríki eru ekki búin að fullgilda hann: Sómalía og Bandaríkin.

7. Innleiðing, eftirlit og stuðningur

Eins og allir mannréttindasamningar veitir Barnasáttmálinn einstaklingum, frjálsum félagasamtökum og alþjóðlegum samtökum sem styðja málstað barna lagalegan grunn. Þessir aðilar geta hvatt stjórnvöld til að fullgilda samninginn og hafa eftirlit með því hvernig þau uppfylla ákvæði viðkomandi samnings. Ef stjórnvöld standa ekki við skuldbindingar sínar og brjóta á réttindum barna geta frjáls félagasamtök kallað þau til ábyrgðar.

Svæðisbundnir mannréttindasamningar

Þó að réttindin sem kveðið er á um innan mannréttindaramma Sameinuðu þjóðanna nái til allra þjóða, hefur fleiri kerfum til verndar mannréttindum, sem gilda um þjóðir í tilteknum heimshlutum, verið komið á. Þessum svæðisbundnu samningum er ætlað að styðja við samninga Sameinuðu þjóðanna, sem skapa eftir sem áður rammann og þær lágmarksreglur sem gilda um allan heim.

Dæmi:

- **Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis** (einnig kallaður **Mannréttindasáttmáli Evrópu**), samþykktur af Evrópuráðinu árið 1950 og hefur verið fullgiltur í aðildarríkjum þess, 47 að tölu;
- **Evrópusamningurinn um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu**, samþykktur af Evrópuráðinu árið 1987;
- **Félagsmálasáttmáli Evrópu**, samþykktur af Evrópuráðinu árið 1961 og endurskoðaður árið 1996;
- **Mannréttindasáttmáli Ameríku**, samþykktur af Samtökum Ameríkuríkja árið 1969, í gildi hjá stjórnvöldum í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku, sem fullgilt hafa sáttmálann;
- **Mannréttindasáttmáli Afríku**, samþykktur innan Afríkuríkjasambandsins árið 1981.



Mannréttindastoðir Evrópuráðsins

Mannréttinasáttmáli Evrópu er elstur og öflugastur þessara svæðisbundnu samninga og ákvæði hans eru í sumum tilvikum ítarlegri en ákvæði alþjóðlegra mannréttinasamninga. Ríkin tuttugu og sjö sem eiga aðild að Evrópusambandinu eru einnig aðilar að Evrópuráðinu og þeim ber þar með laga- leg skylda til að viðurkenna og virða mannréttindi samkvæmt landslögum sínum, og skulu aðeins leita til alþjóðlegra stofnana í „neyðartilvikum“ þegar úrræði í heimalandi reynast ekki skila árangri. Innan Evrópuráðsins er Evrópusáttmálinn innleiddur af ráðherranefndinni og Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg í Frakklandi.

Mannréttindadómstóll Evrópu er dómsaðili með fastan samastað sem réttar í málum og sker úr um einstakar ákærur um brot á Evrópusáttmálanum sem þegnar innan aðildarríkjanna leggja fram. Leita má til hans varðandi þau mannréttindi sem gilda á landsvísu.

Jafnframt því sem Evrópusáttmálinn og Mannréttindadómstóllinn gegna lykilhlutverki í starfi Evrópuráðsins á sviði mannréttinda hefur ráðið komið á fót ýmsum aðferðum (án dómsvalds) til að fylgjast með og stuðla að mannréttindum í aðildarríkjunum. Sem dæmi má nefna Evrópuráðsnefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi sem er nefnd óháðra sérfræðinga. Nefndin fylgist með kynþáttafordómum, útlendingahatri, gyðingahatri og umburðarleysi í Evrópu allri og sendir stjórnvöldum tillögur um hvernig vinna skuli gegn slíku. Nefndin er í nánú samstarfi við frjáls félagsamtök.

Félagsmálasáttmáli Evrópu (samþykktur árið 1961 og endurskoðaður 1996) tryggir **félagsleg og efnahagsleg réttindi** á borð við viðunandi húsnæði, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, ókeypis grunn- og framhaldsskólamenntun og starfsþjálfun, starfsráðningar án mismununar og öruggar vinnuáðstæður, lagalega og félagslega vernd, réttlæti gagnvart innflytjendum og að engum sé mismunað í samfélaginu. Samkvæmt honum fer fram eftirlit með því að þau aðildarríki sem hafa fullgilt hann framfylgi ákvæðum hans. Þau þurfa einnig að senda Evrópunefndinni um félagsleg réttindi skýrslu um stöðu mála á hverju ári.

Embætti mannréttindafulltrúa, sem er sjálfstæð stofnun innan Evrópuráðsins, er falið að efla skilning á mannréttindum og tryggja að þau séu virt í aðildarríkjunum. Fulltrúaembættið bendir á hugsanlega annmarka í lögum og starfsháttum, vekur til vitundar og hvetur til umbóta til að áþreifanlegar framfarir eigi sér stað varðandi mannréttindi og verndun þeirra.

Grundvallarmunur er á dómstólnum og embætti mannréttindafulltrúans. Dómstóllinn getur aðeins brugðist við eftir á, hann getur aðeins brugðist við kærur sem einstaklingar eða aðildarríkin sjálf leggja fram. Mannréttindafulltrúinn vinnur aftur á móti fyrirbyggjandi starf og stendur fyrir könnunum á því hvernig mannréttinda er gætt í Evrópulöndunum. En það er aðeins dómstóllinn sem hefur ákvarðanavald – í formi dómsvalds – sem er bindandi fyrir aðildarríkin.

